



Stjórn SSH 400. fundur

Mánudaginn 3. mars 2014 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Jón Gnarr, Guðný Ívarsdóttir, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson.

Ennfremur sátu fundinn Dagur B. Eggertsson formaður framtíðarhóps SSH og framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013

Fyrir lá yfirlit yfir fjárhagsstöðu verkefnisins pr. 31.12.2013 og yfirlit yfir væntanlegar greinargerðir og skýrslur vegna einstakra verkefna sóknaráætlunarinnar.

Farið var yfir stöðu einstakra verkefna og verkefnaflokka. Fyrir liggur að verkefni eru almennt að komast á lokastig, og gert er ráð fyrir að niðurstöður og aðgerðartillögur birtist síðari hluta marsmánaðar og fyrri hluta aprílmánaðar.

2. Framtíðarhópur SSH.

Rætt var um verkefnastöðu framtíðarhóps og starfslok hópsins í ljósi þess að hann mun láta af störfum við lok núverandi kjörtímabils.

3. Erindi Landgræðslunnar vegna uppgræðslu.

Fyrir lágu erindi frá Kópavogsbæ og Mosfellsbæ þar sem samhljóða erindi landgræðslunnar til þessara sveitarfélaga er vísað til umfjöllunar á vettvangi SSH. Erindi landgræðslunnar snýst um beiðni um styrk til uppgræðslu á beitarhólfi milli Lyklafells og Hengils.

Umræður.

Framkvæmdastjóri upplýsti að hafin væri skoðun á stöðu og skyldum sveitarfélaganna og SSH vegna vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins, og benti á að rétt væri að skoða þetta mál í samhengi við þá vinnu.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að málið verði skoðað í tengslum við heildarskoðun á skyldum sveitarfélaganna vegna afréttar og stöðu vörslugirðingarinnar.

4. **Gagnagrunnur um íbúðarhúsnæði í byggingu og á skipulagsstigi.**

Fyrir lá erindi frá Hafnarfjarðarbæ þar sem vakin er athygli á þörf fyrir sameiginlegan gagnagrunn um íbúðarhúsnæði í byggingu og á skipulagsstigi á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjóri upplýsti að í tengslum við gerð nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins væri unnið að undirbúningi að gagnagrunni fyrir höfuðborgarsvæðið, og þar væri m.a. gert ráð fyrir söfnun og reglulegri birtingu þessara upplýsinga.

5. **Fjárhagsaðstoð og framfærslustyrkir sveitarfélaganna.**

GÁG vakti máls á þróun fjárhagsaðstoðar og framfærslustyrkja og þörf á markvissari reglum og verklagi við úthlutun. Hún upplýsti jafnframt að verið væri að vinna að sérstakri greiningu á stöðu og þróun þessara mála hjá Hafnarfjarðarbæ.

6. **Endurskoðun vegalaga**

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu vinnu nefndar um endurskoðun vegalaga sem nú er á lokastigi.

7. **Önnur mál:**

a) **Innri stefnumótun Strætó bs. – þátttaka eigendavettvangs**

Fyrir lá fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 29. janúar 2014, þar sem óskað er eftir því að fulltrúar eigenda taki þátt í vinnu við innri stefnumótun Strætó bs.

b) **Lagt fram erindi innanríkisráðuneytis – samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga vegna endurskoðunar 12 ára samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar.**

c) **Fjarskiptatengingar og háhraðanet á höfuðborgarsvæðinu.**

Á.Kr. Ó. vakti máls á misjafnri stöðu sveitarfélaganna vegna tengingar við háhraðanet, og spurðist fyrir um hvað réði forgangsörðun við lagningu á ljósleiðara Gagnaveitunnar.

DBE kvaðst ætla að kanna málið og koma upplýsingum um málið á framfæri við stjórnarmenn.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55